

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR 2023

Aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands var haldinn á Hótel Hamri í Borgarbyggð miðvikudaginn 22. mars 2023 kl. 11:15.

Fundinn sátu fulltrúar aðildarsveitarfélaga og kjörmenn auk fulltrúa í Heilbrigðisnefnd Vesturlands. Aðildarsveitarfélög eru Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Hvalfjarðarsveit, Kjósarhreppur, Skorradalshreppur, Snæfellsbær og Sveitarfélagið Stykkishólmur.

Kristinn Hallur setti fundinn og bauð fundargesti velkomna og stakk hann upp á Auði Kjartansdóttur sem fundarstjóra og Þorsteini Narfasyni sem fundarritara og var það samþykkt.

Dagskrá:

1. **Skýrsla stjórnar Heilbrigðisnefndar Vesturlands 2022.**

Formaður Heilbrigðisnefndar Vesturlands flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2022.

Rekstur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands gekk með ágætum árið 2022. Stjórn hélt sjö fundi á árinu þar af fimm fjarfundi auk aðalfundar og aukaaðalfundar. Fram kom að hjá embættinu voru 3,6 stöðugildi árið 2023 og eftirlitsskyld fyrirtæki 906 en eftirlitsskyldir staðir mun fleiri. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að framfylgja hinum ýmsum lögum, reglugerðum og samþykktum sveitarfélaga þar sem kveðið er á um að tiltekin starfsemi sé háð starfsleyfi eða skráningu og eftirliti heilbrigðiseftirlits. Áherslur í rekstri heilbrigðiseftirlitsins hafa verið að koma á stöðugleika í rekstrinum og auka umsvif eftirlits hægt og sígandi, svo lögbundnum skyldum sé betur framfylgt.

2. **Ársreikningar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands árið 2022**

Framkvæmdastjóri kynnti ársreikninga fyrir árið 2022.

3. **Umræður um skýrslu Heilbrigðisnefndar heilbrigðiseftirlits og ársreikning 2021.**

Ársreikningur var samþykktur samhljóða. Ársreikningurinn er aðgengilegur á vef eftirlitsins www.hev.is.

4. **Kynning á starfsemi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2022.**

Framkvæmdastjóri kynnti starfsemi heilbrigðiseftirlitsins og helstu lykiltölur fyrir árið 2022. Fyrirspurnir voru um baðlón og náttúrulegar, fyrirkomulag við álímingar á númerslausa bíla, ábending um möguleika á að eftirlitsskýrslur sem tengjast þínum rekstri væru aðgengilegar á „mínum síðum“ Einnig var spurt út í starfsleyfi opinna leiksvæða. Fyrirspurnum var svarað og upplýst að ársskýrsla verður aðgengileg á vef eftirlitsins þegar hún verður gefin út í júní.

5. **Kosning Heilbrigðisnefndar Vesturlands**

Fulltrúar í Sveitarfélaginu Stykkishólmi og Grundarfjarðarbæ lögðu til að skipt yrði á nefndarmönnum þannig að fulltrúar Sveitarfélagsins Stykkishólms, Steinunn I Magnúsdóttir, aðalmaður og Jakob Björgvin Jakobsson varamaður hennar gengju úr nefndinni og inn kæmu fulltrúar fyrir Grundarfjarðarbæ Sigurhanna Ásta Einarsdóttir aðalmaður og Bjarni Sigurbjörnsson varamaður.

Fundarstjóri bara málið fyrir fundinn og var það samþykkt samhljóða.



6. Önnur mál.

Framkvæmdastjóri kynni að heilbrigðisnefnd hefur áhuga á að halda staðfund um fráveitumál á Vesturlandi í maí þar sem gæfist kostur á samtali um fráveitur þar sem hreinsun er ekki fullnægjandi. Starfsmönnum sveitarfélaga og sveitarstjórnarmönnum yrði boðið á fundinn auk fulltrúa Umhverfisstofnunar og mögulega öðrum hlutaðeigandi gestum.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund.

Fundi slitið kl. 12.30.

22. mars 2023
Þorsteinn Narfason